

Efni samráðs

Drög að sóknaráætlun Norðurlands vestra 2025-2029

Samráð hófs

20. september 2024

Samráði lauk

4. október 2024

Fjöldi umsagna

4

Umsagnaraðilar

Fjölmenningardeild Vinnumálastofnunar, Byggðaráð sveitarfélagsins Skagafjarðar, Landsvirkjun og Elínborg Erla Ásgeirsdóttir.

Samantekt um umsagnir og viðbrögð

Drög að sóknaráætlun Norðurlands vestra 2025-2029 voru lögð fram til umsagnar í Samráðsgátt Stjórnvalda 20. september – 4. október 2024. Fjórar umsagnir bárust í samráðsgáttina.

Fjölmenningardeild Vinnumálastofnunar fagnaði nálgun áætlunarinnar hvað nýja íbúa varðar en hvatti til þess að undirstrikaður verði með skýrari hætti hlutur fólks af erlendum uppruna og inngilding þeirra og að þessum hópi verði almennt gert hærra undir höfði í áætluninni.

Byggðarráð sveitarfélagsins Skagafjarðar óskaði m.a. eftir því að mælikvarðar væru skýrari/fleiri/mælanlegri auk þess að fram kæmi skýrari eftirfylgni við mælikvarða.

Landsvirkjun benti á bæta mætti inn umfjöllun um tækifæri tengd endurnýjanlegri orkuframleiðslu og viðraði þau tækifæri sem eru til staðar fyrir atvinnuuppbyggingu í grænum og orkusæknum iðnaði, sérstaklega með tilkomu Eims í landshlutann.

Elín Erla Ásgeirsdóttir varaði við grænþvotti í tengslum við notkun orðsins sjálfbærni og hvatti frekar til notkunar hugtaksins lífrænt þar sem þar er um að ræða vel skilgreinanlegt og innrammað hugtak sem ekki sé leyfilegt að nota í markaðssetningu nema uppfylla reglur og vera undir eftirliti vottunarstofnunar. Vill hún t.d. sjá markmið um að í landshlutanum fjölgi lífrænt vottuðum framleiðendum.

Að loknu samráði

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra þakka fyrir þær umsagnir sem bárust og þeim áhuga sem áætluninni var þannig sýndur.

Með tilliti til þeirra ábendinga sem bárust var skerpt á markmiðum lykilmálaflokka auk þess sem mælikvarðar voru skoðaðir og gerðir ítarlegri. Ekki var talin ástæða til efnislegra breytinga á drögum enda umsagnir jákvæðar og uppbyggilegar.

Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2025-2029 var samþykkt á haustþingi SSNV sem haldið var á Blönduósi 15. október 2024.